



20. apríl 2020

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 722. mál á 150. löggjafarþingi**

*Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru  
(meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.)*

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum til að heimila ýmist varanlega eða til bráðabirgða rafræna málsmeðferð og notkun fjarfundabúnaðar við fyrirtökur mála af ýmsu tagi. Þar sem víðtækar hömlur eru nú á samkomum og samskiptamöguleikum eru þetta eðlileg og nauðsynleg tímabundin viðbrögð, sem Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi.

Engu að síður verður ekki hjá því komist að gagnrýna harðlega 10. gr. frumvarpsins um aðfarargerðir og 12. gr. þess um nauðungarsölur. Báðar eru þær orðaðar þannig að heimilt verði að taka mál fyrir með gerðarbeiðanda í gegnum síma eða fjarfundabúnað og að það jafngildi því að gerðarbeiðandi sé sjálfur viðstaddur fyrirtökuna í skilningi laganna. Ekkert er minnst á gerðarþolanda í þessu sambandi eða hvernig tryggja skuli möguleika hans á aðkomu að fyrirtöku til að gæta réttar síns. Gætir að því leyti ósamræmis við orðalag 11. gr. um fyrirtökur í kyrrsetningar- og lögbannsmálum, þar sem er ekki gerður neinn slíkur greinarmunur á gerðarbeiðanda og gerðarþola.

Jafnframt skortir algjörlega útfærslu á því hvernig staðið skuli að framkvæmd fjarfundar í slíkum tilfellum, svo sem hvaða fjarfundabúnað megi nota, hvernig aðgengi gerðarþola að þeim búnaði verði tryggt, hvernig kröfur um persónuvernd, þ.m.t. um samþykki, verði uppfylltar o.s.frv.

Enn fremur er 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins stórgölluð. Hún kveður á um framlengingu á tilteknum tímafrestum ef ekki er hægt að fylgja þeim sökum óyfirstíganlegrar hindrunar, en þeir frestir eru allir í þágu gerðarbeiðanda. Ekkert er hins vegar minnst á tímafresti sem gerðarþoli hefur hagsmuni af, svo sem frest til að koma fram mótmælum eða til að bera ágreiningsefni undir dómstóla.

Um þessar mundir sjá tugþúsundir heimila fram á algjöra óvissu og mjög erfiða fjárhagslega stöðu á komandi mánuðum, ekki aðeins hér á landi heldur um allan heim. Þess vegna hafa stjórnvöld í mörgum löndum, þar á meðal Bandaríkjunum, fyrirskipað algjöra stöðvun á öllum nauðungarsölum þar til þetta ástand verður yfirstaðið. Á sama tíma leggur dómismálaráðherra Íslands fram frumvarp sem er beinlínis að greiða götu kröfuhafa til að framkvæma aðfarir og nauðungarsölur á auðveldari hátt en nokkru sinni fyrr og hunsar margítrekað ákall Hagsmunasamtaka heimilanna um að stjórnvöld tryggi að ekki einn einasti íbúi landsins þurfi að missa heimili sitt vegna afleiðinga heimsfaraldursins. Þær tillögur sem gerðar eru í umræddum ákvæðum frumvarpsins eru hreinlega fáránlegar á þessum tímapunkti, svo ekki minnst á þá gjörsamlega óverðskulduðu þjónkun við gerðarbeiðendur og grófu mismunun í garð gerðarþola sem birtist í orðalagi þeirra.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka þá sjálfsgöðu kröfu sína að nauðungarsölur og aðfarargerðir þar sem gerðarþoli er neytandi, verði stöðvaðar til næstu áramóta eða að minnsta kosti svo lengi sem í gildi eru einhver fyrir mæli um samkomutakmarkanir samkvæmt sóttvarnalögum. Heimilin verða að fá fullvissu fyrir því að öryggi þeirra verði tryggt á þessum óvissutímum og í því sambandi er ekki síður mikilvægt hvaða skilaboð stjórnvöld senda frá sér með aðgerðum sínum. Þetta snýst ekki eingöngu um fjárhagslega hagsmuni heldur einnig um vernd mannréttinda og lýðheilsu þar sem langvarandi áhyggjur og kvíði geta leitt til alvarlegra heilsufarslegra og félagslegra vandamála.


Að öðrum kosti krefjast samtökin þess að frumvarpi þessu verði breytt þannig að hið minnsta verði gerður áskilnaður um að mál samkvæmt lögum um aðför eða nauðungarsölu verði ekki tekið fyrir í gegnum síma eða fjarfundabúnað nema gerðarþoli veiti upplýst samþykki sitt. Í því sambandi má hafa til hliðsjónar kröfur laga um persónuvernd um samþykki hins skráða. Það er engum bjóðandi að búa við áhyggjur af því að kröfuhafar geti gert fjárnám í eignum sínum og komið af stað nauðungarsölu á heimili sínu, með einföldu símtali án samþykkis og aðkomu sinnar.

Enn fremur krefjast samtökin þess að 3. mgr. 12. gr. verði breytt þannig að sú framlenging tímafresta sem þar er gert ráð fyrir, geti einnig átt við um tímafresti vegna atvika sem geta varðað gerðarþola og sambærilegt ákvæði bætist við 10. gr. Þar á meðal má nefna frest til að andmæla frumvarpi til úthlutunar söluverðs samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga um nauðungarsölu og fresti til að leita úrlausnar dómstóla um ágreiningsefni samkvæmt 15. kafla laga um aðför eða eftir atvikum XIII.-XIV. kafla laga um nauðungarsölu, auk annarra tímafresta sem settir eru í viðkomandi lögum.

Rökin fyrir ofangreindu eru öll þau sömu og í greinargerð frumvarpinu nema auk þess að teknu tilliti til stjórnarskrárbundinnar jafnræðisreglu og réttlátrar málsmeðferðar, þannig að það sem þar kemur fram um að gætt hafi verið að samræmi við stjórnarskrá og ekki verði séð að frumvarpið geti haft neikvæð eða íþyngjandi áhrif fyrir almenning, samræmist raunverulegu efni frumvarpsins.

- o -

Virðingarfyllt,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is